

Mál nr. 23/2004

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. frjálsrar ábyrgðartryggingar K ehf.

Vinnuslys í byggingu í Kópavogi þ. 21.3.2003.

Gögn.

1. Málskot móttengið ásamt fylgiskjali og fskj. nr. 1-10 þ. 6.2.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 20/04.
3. Bréf V ásamt fskj. nr. 1-5

Málsatvik.

M féll af vinnupalli og höfuðkúubrotnaði og jafnframt brotnuðu báðir úlnliðir. M var í umrætt sinn að vinna við göt í lofti tæknirýmis fyrir væntanlega sundlaug og var við þetta upp á hjólavinnupalli. Þegar M færði sig til á pallinum fór eitt hjólið ofan í gat á gólfinu og við það féll M niður. Ekkert handrið var á pallinum. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að lýsing hafi verið næg en göt verið óvarin í gólfinu. Í lögregluskýrslu segist M hafa ýtt sér áfram á vinnupallinum með því að “rugga sér” eða notað hendurnar og ýtt á loftið og hafi hann verið að ýta vinnupallinum áfram þegar eitt af hjólum vinnupallsins hafi lent ofan í niðurfalli og pallurinn fallið og M með. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um málið segir að orsök slyssins sé tvíþætt annars vegar að ekkert handrið sé á pallinum og síðan hafi göt verið óvarin í gólfi og það boðið upp á slysaheittu. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. og bendir á að slysið megi rekja til ólöglegs tækis og óforsvaranlegrar vinnuaðstöðu. Lögmaðurinn segir að ekki skipti máli að M hafi töluverða reynslu af rafvirkjastörfum þar sem slysið verði eingöngu rakið til ólöglegs vinnupalls sem að M hafi verið úthlutað. Af hálfu V er bótaskyldu hafnað þar sem að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verið rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna, ófullnægjandi verkstjórnar, vanbúnaðar vinnupalls, aðbúnaðar á vinnustað eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki beri ábyrgð á. V tekur fram að ekki hafi stafað hættu af götum í gólfi og vátryggingartaki ekki haft með þau að gera, umræddur vinnupallur sé löglegur og slysið verði ekki vegna annars en þess að pallurinn hafi oltið um koll og hefði handrið á honum engu máli skipt varðandi umrætt slys. Þá segir V að M hafi mátt vera ljós sú hættu sem að fylgdi þeirri aðferð sem hann notaði við að færa pallinn til.

Álit.

Ágreiningslaust er með aðilum að M er rafvirki með mikla starfsreynslu. Sú aðferð sem að M notaði við að færa pallinn úr stað var varhugaverð og sú staðreynd hlaut M að vera ljós. M tók því áhættu með því að færa pallinn úr stað með þeim hætti sem hann gerði. Þá voru göt í gólfi það stór að M hlaut að sjá þau og gera sér grein fyrir því að hættu gat verið fölginn í því að eitt hjól vinnupallsins færi ofan í gat á gólfinu. M tók því áhættu sem hann ber fulla ábyrgð á og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á saknæman vanbúnað eða annað sem felli sök á vátryggingartaka á M ekki rétt á bótum úr vátryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vátryggingu K. hjá V.

Reykjavík 16.3. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.